

AFKOMA ARION BANKA Á FYRSTU ÞREMUR MÁNUÐUM ÁRSINS 2015

Hagnaður Arion banka á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015 markast mjög af óreglulegum liðum. Þar hafa mest áhrif einskjótisatburðir eins og skráning og sala bankans á hlutum í fasteignafélaginu Reitum og alþjóðlega drykkjaframleiðandanum Refresco Gerber. Hagnaður bankans á tímabilinu nam 14,9 milljörðum króna samanborið við 2,9 milljarða króna á sama tímabili 2014. Arðsemi eigin fjár var 35,1% samanborið við 7,8% á sama tímabili árið 2014. Hagnaður af reglulegri starfsemi á tímabilinu nam 4,0 milljörðum króna samanborið við 1,7 milljarða á sama tímabili 2014. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi nam 9,8% á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 4,6% á sama tímabili 2014. Heildareignir námu 1.004,3 milljörðum króna samanborið við 933,7 milljarða króna í árslok 2014.

Eiginfjárhlutfall bankans í lok tímabilsins var 23,9% en var 26,3% í árslok 2014. Hlutfall eiginfjárpáttar A nam 21,2% samanborið við 21,8% í lok árs 2014.

Helstu atriði árshlutareikningsins

- Hagnaður eftir skatta nam 14,9 mö.kr. samanborið við 2,9 ma.kr. á sama tímabili 2014.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 4,0 milljörðum króna samanborið við 1,7 milljarð króna á sama tímabili 2014.
- Eiginfjárhlutfall nam 23,9% í lok tímabils samanborið við 26,3% í árslok 2014.
- Arðsemi eigin fjár var 35,1% samanborið við 7,8% á sama tímabili 2014. Af reglulegri starfsemi nam arðsemin 9,8% á tímabilinu, samanborið við 4,6% á fyrsta ársfjórðungi 2014.
- Hreinar vaxtatekjur námu 5,8 mö.kr. samanborið við 5,5 ma.kr. á sama tímabili 2014.
- Hreinar þóknatekjur námu 3,8 mö.kr. samanborið við 3,1 ma.kr. á sama tímabili 2014.
- Rekstrartekjur hækka á milli ára og námu 21,8 mö.kr. samanborið við 9,0 ma.kr. á sama tímabili 2014. Mikil hækkun rekstrartekna er einkum tilkomin vegna söluhagnaðar og hækkunar á verðmati á eignarhlut í Reitum fasteignafélagi hf. og Refresco Gerber í tengslum við skráningu félaganna á markað.
- Hrein virðisbreyting er jákvæð á tímabilinu og nemur 1,8 ma.kr., samanborið við 2,0 ma.kr. á sama tímabili 2014.
- Tekju- og bankaskattar námu samtals 2,5 mö.kr. samanborið við 1,9 ma.kr. á sama tímabili 2014.
- Kostnaðarhlutfall var 29,3% en var 69,0% á sama tímabili 2014. Af reglulegri starfsemi nam kostnaðarhlutfall 53,2% samanborið við 69% á fyrsta ársfjórðungi 2014.
- Eigið fé bankans var 177,1 ma.kr. en nam 162,2 mö.kr. í lok árs 2014.



Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka:

„Afkoman á fyrsta ársfjórðungi þessa árs er mjög góð. Afkoman er vel umfram væntingar þar sem betur tókst til við skráningu og sölu á hluta af eigarhlutum bankans í tveimur félögum, í alþjóðlega drykkjarvöruframleiðandanum Refresco Gerber og í Reitum fasteignafélagi. Þannig markast uppgjörið með jákvæðum hætti af þessum óreglulegu liðum og þar sem um fyrsta ársfjórðung er að ræða eru áhrifin mikil á helstu kennitölur. Þetta er vissulega góð og sterk byrjun á árinu en það er ljóst að óreglulegir liðir munu ekki hafa þetta mikil áhrif á afkomu bankans það sem eftir lifir árs.

Regluleg starfsemi bankans gekk vel á fyrsta ársfjórðingi og skilar ágætri afkomu. Arðsemi reglulegrar starfsemi er tæplega 10% á tímabilinu. Við höldum áfram að vinna að því að styrkja grunnrekstur bankans. Við höfum þar lagt mikla áherslu á að auka hlutdeild þóknatekna í heildartekjum bankans og jukust þær um 19% miðað við sama tímabil fyrir ári. Af þóknatekjum bankans koma rúm 80% frá fyrirtækjum en tæp 20% úr þjónustu við einstaklinga í viðskiptabankanum.

Sá mikilvægi áfangi náðist á tímabilinu að bankinn gaf út skuldabréf í evrum sem nam 300 milljónum evra, eða um 45 milljörðum króna. Um var að ræða stærstu skuldabréfaútgáfu íslensks banka í fjölmörg ár. Útgáfan sýnir vel þann árangur sem hefur náðst hér á landi í efnahagsmálum sem og endurspeglar útgáfan trú fjárfesta á bankanum og vinnu hans undanfarin ár.

Á fjórðungnum fór fjöldi heimsókna í Arion appið í fyrsta skipti fram úr fjölda heimsókna í netbanka í einstökum mánuði. Þessi þjónusta hefur opnað nýjar víddir fyrir viðskiptavinum í aðgengi og þjónustu og við sjáum þetta þróast hraðar en metnaðarfull markmið okkar stóðu til. Nú eru um 40 þúsund virkir notendur að Arion appinu. Þetta endurspeglar umbreytingu í bankaþjónustu og við sjáum mikla fjárfestingu okkar í þessum tæknilausnum skila sér til viðskiptavina.“

Fundur með markaðsaðilum

Arion banki mun halda símafund á ensku fyrir markaðsaðila, miðvikudaginn 13. maí klukkan 9:00. Á fundinum mun Stefán Pétursson, fjármálastjóri Arion banka, fara yfir helstu atriði í uppgjöri bankans. Áhugasamir geta sent tölvupóst á ir@arionbanki.is fá í kjölfarið sendar nánari upplýsingar.

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiðsson, samskiptasviði Arion banka, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s: 856 7108.



Rekstrarreikningur – helstu atriði

Rekstrarreikningur				
Í milljónum króna	3 mán. '15	3 mán. '14	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	5.783	5.483	300	5%
Hreinar þóknatekjur	3.757	3.148	609	19%
Hreinar fjármunatekjur	7.232	(96)	7.328	(7.617%)
Hreinn gengishagnaður (tap)	307	(476)	783	(165%)
Aðrar rekstrartekjur	4.702	918	3.784	412%
Rekstrartekjur	21.781	8.977	12.804	143%
Laun og launatengd gjöld	(3.492)	(3.450)	(42)	1%
Annar rekstrarkostnaður	(2.896)	(2.746)	(150)	5%
Hrein virðisbreyting	1.782	1.967	(185)	(9%)
Hagnaður fyrir skatta	17.175	4.748	12.427	262%
Tekjuskattur	(1.720)	(1.315)	(405)	31%
Bankaskattur	(730)	(660)	(70)	11%
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	14.725	2.773	11.952	431%
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	183	92	91	-
Hagnaður tímabilsins	14.908	2.865	12.043	420%

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur hækka mikið á milli ára eða um 12.804 milljónir króna en þær námu 21.781 milljónum króna á tímabilinu. Hækkunin er að stórum hluta tilkomin vegna 7.328 milljóna króna hækkunar á hreinum fjármunatekjum, 783 milljóna króna viðsnúningi á hreinum gengishagnaði og 3.784 milljóna króna hækkunar á öðrum rekstrartekjum.

Hreinar vaxtatekjur námu 5.783 milljónum króna á tímabilinu og hækka um 5% milli ára. Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nam 2,6% á tímabilinu og er óbreyttur frá sama tímabili 2014. Þrátt fyrir lægri verðbólgu, sem áhrif hefur á verðtryggðar eignir og skuldir, er vaxtamunur svipaður og skýrist það einkum af lægri fjármagnskostnaði með virkari lausafjárstýringu.

Hreinar þóknatekjur aukast um 19% milli ára og námu 3.757 milljónum króna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015. Aukningin er að mestu tilkomin vegna hærri þóknatekna af greiðslukortum og af auknum umsvifum á fjárfestingarbankasviði. Um 80% af heildar þóknatekjum Arion banka samstæðunnar kemur frá fyrirtækjum.

Hreinar fjármunatekjur hækkuðu mikið milli ára og námu 7.232 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 96 milljóna króna tap á sama tímabili 2014. Mestu munar þar um virðishækkun á beinum og óbeinum 9,3% eignarhlut í evrópska drykkjarvörurisanum Refresco Gerber í tengslum við skráningu félagsins á hlutabréfamarkað í lok mars. Almenn t var ávöxtun hlutabréfa með ágætum á tímabilinu en verð á skuldabréfum átti nokkuð undir högg að sækja. Arðstekjur voru 555 milljónum króna lægri á fyrstu þremur mánuðum 2015 en á sama tímabili 2014.

Hreinn gengishagnaður nam 307 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 476 milljóna króna gengistap á sama tímabili 2014. Hreinn gjaldeyrisjófnuður samstæðunnar nam 19,3 milljörðum króna í lok tímabilsins sem felur í sér að gengissveiflur hafa nokkur áhrif á rekstrartekjur. Hreinn gjaldeyrisjófnuður var 18,9 milljarður króna í árslok 2014. Gjaldyrisjófnuður móðurfélagsins er langt innan þeirra 15% marka sem Seðlabankinn setur.

Aðrar rekstrartekjur námu 4.702 milljónum króna á tímabilinu og hækka umtalsvert frá fyrra ári. Aðrar rekstrartekjur eru einkum tekjur af hlutdeildarfélögum, virðisbreytingar og söluhagnaður af atvinnuhúsnæði og byggingareitum í þróun í eigu Landeyjar samstæðunnar og tekjur af iðgjöldum hjá OKKAR líftryggingum hf. Hækkun samanborið við fyrra ár skýrist einkum af söluhagnaði og virðisbreytingum af hlutdeildarfélögum en hækkunin nemur samtals 3.784 milljónum króna. Munar þar mestu um söluhagnað og virðisbreytingu eignarhlutar í Reitum fasteignafélagi hf. í tengslum við



skráningu félagsins á NASDAQ á Íslandi, en Arion banka samstæðan átti 25,3% eignarhlut í félaginu í upphafi árs.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður fyrsta ársfjórðungs nam samtals 6.390 milljónum króna. Kostnaðarhlutfall lækkar í 29,3% en var 69,0% á sama tímabili 2014. Þessi mikla lækkun skýrist alfarið af háum tekjum af virðisbreytingum og eignasölu og gefur því ekki rétta mynd af áframhaldandi rekstri. Kostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,6% sem er sama hlutfall og á sama tímabili 2014.

Laun og launatengd gjöld námu 3.492 milljónum króna á fyrstu þremur mánuðum 2015 og hækka um 1% á milli ára. Stöðugildi samstæðunnar voru að meðaltali 1.113 á tímabilinu samanborið við 1.144 á sama tímabili 2014 og því hafa meðallaun hækkað aðeins sem skýrist að hluta til af auknum umsvifum Valitors erlendis.

Hrein virðisbreyting

Hrein virðisbreyting var jákvæð sem nemur 1.782 milljónum króna og skiptist í stórum dráttum í tvennt. Annars vegar er um að ræða hreina virðishækkun á lánum til fyrirtækja upp á 2.353 milljónir króna en hins vegar hrein virðisrýrnun vegna útlána til einstaklinga um 549 milljón króna.

Skattar

Tekjuskattur nam 1.720 milljónum króna samanborið við 1.315 milljónir króna á sama tímabili 2014. Tekjuskattur, eins og hann er settur fram í árshlutareikningi, samanstendur af 20% tekjuskatti af hagnaði og 6% sérstökum fjársýsluskatti sem lagður er á hagnað fjármálafyrirtækja umfram einn milljarð króna. Virkt tekjuskattshlutfall er 10,0% á fyrstu þremur mánuðum 2015 samanborið við 27,7% á sama tímabili 2014. Lágtekjuskattshlutfall á tímabilinu skýrist einkum af óskattskyldum tekjum sem tilkomnar eru vegna hagnaðar og virðisbreytinga af hlutabréfaeign.

Bankaskattur nam 730 milljónum króna samanborið við 660 milljónir króna á sama tímabili 2014 og hækkar í takt við stækkandi efnahag bankans.

Regluleg starfsemi

Á fyrsta ársfjórðungi var talsverður hluti hagnaðar Arion banka vegna eigna sem ekki geta talist til kjarnaefna bankans. Þessar eignir eru einkum yfirteknir eignarhlutir í félögum í óskyldum rekstri í tengslum við skuldauppgjör. Bankinn hefur síðan unnið með félögunum að endurskipulagningu þeirra, unnið að sölu þeirra og í sumum tilfellum skráningu á markað. Þegar horft er til reglulegrar starfsemi þá leiðréttir Arion banki afkomu sína fyrir tímabundnum bankaskatti, áhrifum dótturfélaga sem eru í óskyldum rekstri og virðisbreytingum útlána.

Að teknu tilliti til ofangreinds lækkar afkoma fjórðungsins samtals um 11.167 milljónir króna, niður í 3.972 milljónir króna. Árðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi á fyrsta ársfjórðungi 2015 nam 9,8% samanborið við 4,6% fyrir sama tímabil 2014. Kostnaðarhlutfall af kjarnastarfsemi nam 53,2% á fjórðungnum en var 69% á fyrsta ársfjórðungi 2014.



Efnahagsreikningur – helstu atriði

Eignir

Í milljónum króna	31.03.2015	31.12.2014	Breyt.%	31.03.2014	Breyt.%
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	63.575	21.063	202%	18.744	239%
Lán til lánastofnana	125.643	108.792	15%	95.158	32%
Lán til viðskiptavina	649.089	647.508	0%	642.341	1%
Verðbréfaeign	106.675	101.828	5%	99.710	7%
Fjárfestingareignir	7.915	6.842	16%	28.503	(72%)
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	24.965	21.966	14%	17.785	40%
Óefnislegar eignir	9.493	9.596	(1%)	5.371	77%
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	3.685	3.958	(7%)	10.217	(64%)
Aðrar eignir	13.283	12.179	9%	15.316	(13%)
Eignir samtals	1.004.324	933.732	8%	933.144	8%



Heildareignir samstæðu Arion banka námu 1.004,3 milljörðum króna í lok tímabilsins. Breytingar á einstökum eignaflokkum frá áramótum eru einkum tengdar nýrri fjármögnun á tímabilinu. Verðbréfaeign og eignarhlutir í hlutdeildarfélögum hækka nokkuð frá áramótum og skýrist hækkunin að mestu af verðmati á eignarhlutum í Refresco Gerber og Reitum fasteignafélagi vegna skráningar þessara félaga á markað.

Lán til viðskiptavina

Lán til viðskiptavina námu 649.089 milljónum króna í lok tímabils og höfðu aukist um 1.581 milljón króna frá áramótum. Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2015 var umtalsverð aukning á lánum til fyrirtækja, í takt við aukin umsvif í efnahagslífi landsins. Þessi nýju lán eru einkum til fasteignaframkvæmda, flutninga- og ferðaþjónustu og sjávarútvegs.

Útlán til einstaklinga hafa aukist umtalsvert frá árinu 2010, einkum með kaupum á fagfjárfestastjóðnum Arion Bank Mortgages Institutional Investur Fund í árslok 2011 og með kaupum á einstaklingslánum sem upphaflega voru veitt af SPRON í árslok 2013. Á fyrsta fjórðungi þessa árs lækkuðu útlán til einstaklinga nokkuð og þar vegur þyngst niðurgreiðsla vegna skuldaleiðréttingar ríkisstjórnarinnar. Lán til einstaklinga eru nú um 48% af heildarlánabók bankans.

Gæði lánasafns Arion banka hefur aukist jafnt og þétt á undangengnum árum. Horft er til ýmissa mælikvarða hvað þetta varðar en einkum hlutfalls vandræðalána, sem skilgreind eru sem hlutfall bókfærðs virði lána sem komin eru í 90 daga vanskil og lána sem talin eru þurfa sértæka niðurfærslu. Þá horfir bankinn einnig til hlutfalls útlána bankans sem hafa verið niðurfærð. Hér að neðan má sjá þróun þessara mælikvarða á liðnum árum og gefur þróun þeirra beggja skýrt til kynna að mikið hefur áunnist við að bæta gæði lánabókar bankans.





Verðbréfaeign

Verðbréfaeign nam 106.675 milljónum króna í lok tímabils samanborið við 101.828 milljónir króna í árslok 2014.

Verðbréfaeign

Í milljónum króna	31.03.2015	31.12.2014	Breyt.%	31.03.2014	Breyt.%
Skuldabréf	65.841	66.465	(1%)	71.858	(8%)
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	29.278	25.233	16%	19.277	52%
Afleiðusamningar	2.016	1.026	96%	1.040	94%
Verðbréf til áhættuvarna	9.540	9.104	5%	7.535	27%
Verðbréf samtals	106.675	101.828	5%	99.710	7%

Hækkunin á hlutabréfum er einkum tilkomin vegna hækkunar á verðmati á eignarhlut í Refresco Gerber í tengslum við skráningu félagsins á markað.

Skuldir og eigið fé

Skuldir og eigið fé

Í milljónum króna	31.12.2014	31.12.2013	Breyt.%	31.12.2014	Breyt.%
Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands	21.561	22.876	(6%)	25.915	(17%)
Innlán frá viðskiptavinum	471.271	454.973	4%	470.665	0%
Fjárskuldir á gangvirði	7.311	9.143	(20%)	9.145	(20%)
Aðrar skuldir	56.821	52.313	9%	45.084	26%
Lántaka	249.751	200.580	25%	203.226	23%
Víkjandi skuldir	20.494	31.639	(35%)	31.297	(35%)
Eigið fé	175.570	160.711	9%	142.900	23%
Hlutdeild minnihluta	1.545	1.501	3%	4.913	(69%)
Skuldir og eigið fé samtals	1.004.324	933.736	8%	933.145	8%

Heildarskuldir námu 827.209 milljónum króna í lok tímabils samanborið við 771.524 milljónir króna í árslok 2014.

Lántaka

Lántaka bankans nam 249.751 milljónum króna í lok fyrsta ársfjórðungs 2015. Breyting frá áramótum er einkum tilkomin vegna nýrrar útgáfu óveðtryggðra skuldabréfa í evrum upp á 300 milljónir evra eða um 45 milljarða króna. Skuldabréfin eru til þriggja ára og bera fasta 3,125% vexti, og voru seld á kjörum sem jafngilda 3,10% álagi yfir millibankavexti. Um er að ræða fyrstu útgáfu íslensks banka í evrum um árabíl sem seld er til breiðs hóps fjárfesta, en tilboð bárust frá um eitt hundrað fjárfestum og var heildareftirspurn eftir skuldabréfum yfir 675 milljónir evra eða ríflega tvöfalt meira en í boði var. Skuldabréfaútgáfan er jafnframt lang stærsta einstaka skuldabréfaútgáfa íslensks einkaaðila og markar þannig þáttaskil hvað varðar aðgengi bankans að erlendum skuldabréfa- og lánsfjármörkuðum.

Víkjandi skuldir

Víkjandi skuldir bankans námu 20.494 milljónum króna í lok tímabils. Breyting frá áramótum er einkum tilkomin vegna niðurgreiðslu upp á um 10 milljarða króna í lok mars, þar sem hluti nýrrar skuldabréfaútgáfu var nýttur til greiðslu víkjandi skuldar við íslenska ríkið. Kjör víkjandi skulda hækkðu í byrjun árs, skv. skilmálum, eða úr 4% í 5% álag ofan á Libor. Við það myndaðist enn frekari hvati til niðurgreiðslu.



Eigið fé hluthafa Arion banka

Eigið fé bankans nam 175.570 milljónum króna í lok mars 2015 samanborið við 160.711 milljónir króna í lok árs 2014. Breytingin skýrist af afkomu tímabilsins. Tier 1 hlutfall bankans, reiknað samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins, nam 21,2% í lok tímabilsins en var 21,8% í árslok 2014. Lækkun á hlutfallinu er einkum tilkomin vegna arðgreiðslu upp á 12,8 ma.kr.

Eiginfjárhlutfall bankans samkvæmt reglum FME er 23,9% í lok tímabilsins, samanborið við 26,3% í árslok 2014. Ástæðu lækkunar má einkum rekja til niðurgreiðslu á víkjandi láni frá íslenska ríkinu að fjárhæð 10 milljarða króna og áhrifa arðgreiðslu til hluthafa bankans, sem greidd var í apríl. Hagnaður fjórðungsins kemur til hækkunar á móti.

Helstu kennitölur

	3 mán. '15	2014	3 mán. '14
Arðsemi eigin fjár	35,1%	18,6%	7,8%
Arðsemi eigna	6,2%	3,0%	1,2%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	2,6%	2,8%	2,6%
Vaxtamunur á heildareignir	2,4%	2,6%	2,3%
Kostnaðarhlutfall	29,3%	50,1%	69,0%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	2,6%	2,9%	2,6%
Virkur tekjuskattur	10,0%	16,1%	27,7%
CAD hlutfall (Eiginfjárhlutfall FME)	23,9%	26,3%	22,9%
Tier 1 hlutfall	21,2%	21,8%	18,6%
Vandræðalán	3,2%	4,4%	6,1%
Brúttó niðurfærð lán / Brúttó heildarlán	4,9%	5,3%	7,0%
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	72,5%	74,5%	77,3%
Útlán sem hlutfall af innlánnum	137,7%	142,3%	136,5%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.113	1.128	1.144
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils- samstæða	1.112	1.120	1.140
Meðalfjöldi stöðugilda - móðurfélag	852	890	913
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	848	865	908

Fjárhagsdagatal

Samkvæmt áætlun munu uppgjör bankans verða birt sem hér segir:

Árshlutauppgjör 2F 2015	26. ágúst 2015
Árshlutauppgjör 3F 2015	11. nóvember 2015
Ársuppgjör 2015	24. febrúar 2016
Aðalfundur	16. mars 2016

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.